

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent með tölvupósti á netfangið: nefndasvið@althingi.is

Kópavogur, 17. desember 2021

Í frumvarpinu eru lagðar til útvíkkunar á skilyrðum samsköttunar. Deloitte Legal ehf. („**Deloitte Legal**“) hefur áður veitt umsögn um efni frumvarpsins, sjá athugasemdir við 4. mál á 151. löggjafarþingi 2020-2021, en það er nú lagt fram lítið breytt. Vísast hér að stórum hluta til þeirrar athugasemdar.

1. Samsköttun félaga

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á ákvæði 55. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt („tsl.“) sem heimilar dótturfélögum félaga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins („**EES**“) eða í Færeyjum, sem staðsett eru hér á landi, samsköttun með innlendum samstæðufélögum. Sömuleiðis er lagt til að innlendum móðurfélögum verði heimilt að óska eftir takmarkaðri samsköttun með dótturfélögum skráðum í sömu ríkjum, sem og að nýta rekstrartap dótturfélaga sem myndast frá upphafi samsköttunar og á því ári sem félagi er slitið og tapið þar með því ónýtanlegt. Efni frumvarpsins er almennt til bóta.

Rétt er að benda á að breyting hefur verið gerð á því frumvarpi sem lagt er fram nú að heimildin tekur ekki til aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu („**EFTA**“). Sem kunnugt þá var Sviss eitt stofnríkja EFTA. Seinna meir undirritaði ríkið EES-samninginn en fullgilding hans var felld í þjóðaratkvæðagreiðslu. Verður ekki betur séð nú en að breytt orðalag undanskilji Sviss án þess að ástæðu þess sé getið í frumvarpinu. Leggur Deloitte Legal til að horfið verði frá þeirri breytingu enda verður ekki séð hverju hún þjónar. Eins stangast það á við tilefni frumvarpsins sem eru athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA („**ESA**“) um að íslenskar reglur um samsköttun og nýtingu eftirstöðva rekstrartaps félaga kunni að brjóta í bága við 31. og 40. gr. EES-samningsins um staðfesturétt og frjálst flæði fjármagns.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að innlendu móðurfélagi verði heimilt að óska eftir takmarkaðri samsköttun með dótturfélögum innan EES eða í Færeyjum. Heimildin hverju sinni er bundin við eitt ríki. Heimilt verður að draga frá ónýtanlegt tap erlenda dótturfélagsins í kjölfar slita þess.

Í greininni er að finna það skilyrði að dótturfélagið hafi verið í „raunverulegri atvinnustarfsemi“. Hugtakið er ekki skýrt frekar en leiða má að því líkur að hugtakið beri að túlka á áþekkan hátt og skilgreint er í 6. gr. reglugerðar um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágskattasvæðum nr. 1102/2013. Skilgreiningin á „raunverulegri atvinnustarfsemi“, sem fram kemur í reglugerðinni, er nokkuð þröng. Hið sama má segja um túlkun skattfyrvalda á því, sbr. úrskurð yfirsattanefndar í máli nr. 37/2019 þar sem horft var til þess að „raunverulegri atvinnustarfsemi“ væri t.d. framleiðsla eða sala á vörum eða þjónustu, og að félög sem hafi aðallega tekjur af eignum, svo sem arð, vexti og söluhagnað, þ.e. óvirkar tekjur (e. passive income), þ.m.t. tekjur af óefnislegum eignum, svo sem réttindum hvers konar, féllu ekki undir skilgreiningu á „raunverulegri atvinnustarfsemi“. Verði hið sama uppi á teningnum hér er viðbúið að ákvæðið nýtist færri aðilum en stefnt var að. Leggur Deloitte Legal til að horfið verði frá því skilyrði að sýnt sé fram á að um raunverulega atvinnustarfsemi hafi verið að ræða því atvinnustarfsemi getur verið margvísleg. Þess í staðin mætti setja sem skilyrði að tap mætti ekki nýtast ef dótturfélagið sem slitið var hafði engan rekstur með höndum, sbr. sambærileg skilyrði í ákvæði 54. gr. tsl. um flutning á tapi við samruna.

Þá er rétt að ítreka það sem fram kom í fyrri umsögn að hægt hefði verið að ganga lengra og heimila fulla samskiptun milli innlends móðurfélags og dótturfélags í EES/EFTA ríki eða Færeyjum. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að beðið sé þar til viðkomandi dótturfélagi er slitið en í sumum tilfellum getur sú staða verið uppi að dótturfélagi sé aldrei slitið eða starfsemi lýkur ekki. Í þeim tilfellum nýtist tapið ekki.

Í öllu falli er felast jákvæð skref í frumvarpinu en að mati Deloitte Legal er unnt að gera betur.

2. Önnur atriði

Þótt slíkt sé með öllu óviðkomandi efni frumvarpsins telur Deloitte Legal rétt að vekja athygli á því að tilefni er til að breyta ákvæði 8. tl. 1. mgr. 31. gr. tsl. um að yfirfæranlegt skattalegt tap megi einungis nýta í allt að tíu ár frá því tekjuári sem það myndaðist og leyfa frekar ótímabunda nýtingu á tapi eins og heimilt er víðast hvar á Norðurlöndunum, s.s. í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Íslensk sprotafyrirtæki eða fyrirtæki sem stunda mikla þróunarstarfsemi á upphafsárum sínum hafa mörg hver staðið frammi fyrir því að rekstrartap sem myndaðist vegna upphafsáranna farnist áður en viðsnúningur verður í rekstri.

Að auki má benda á að um áramótin renna sitt skeið ýmis úrræði sem komið var á til að bregðast við efnahagslegum áhrifum farsóttarinnar. Má þar nefna ákvæði XXXIII til bráðabirgða í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, oft nefnt „allir vinna“, sem og bráðabirgðaákvæði XLI. í sömu lögum, sem að mati Deloitte Legal hafði mikið vægi til að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi. Að óbreyttu fellur full endurgreiðsla „allir vinna“ niður um áramótin og frestaður virðisaukaskattur, vegna þjónustu sem innt er af hendi á grunni skriflegs samnings, fellur í gjalddaga 5. febrúar næstkomandi. Þá má einnig benda á að afsláttur af aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti vegna innflutnings og sölu tengiltvinnbifreiða lækkar um næstkomandi áramót. Að endingu má nefna að aukinn frádráttur frá tekjuskatti til nýsköpunarfyrirtækja, vegna rannsóknar- og þróunarverkefna, sem bætt var við lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 með bráðabirgðaákvæðum vorið 2020, rennur sitt skeið um áramótin. Telur Deloitte Legal að íhuga ætti alvarlega að framlengja úrræðin tímabundið meðan óvissan sem fylgt hefur farsóttinni fjarar út.

Virðingarfyllst,
Deloitte Legal ehf.

Guðbjörg Þorsteinsdóttir
Meðeigandi, skatta- og lögfræðiráðgjöf